



Reykjavík, 13. júní 2024  
USK24050182

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagssvið

**Sendandi:** Íbúaráð Breiðholts

## UMSÖGN

### Breyting á deiliskipulagi um Elliðaárdal nr. 0657/2024

Skipulagslýsingin nær yfir svæði frá Árbæjarstíflu upp fyrir Blásteinshólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun en markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn þar sem árbæjarlónið verður ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir eru endurheimtir.

Íbúaráðið vill vekja athygli á að mikilvægt er að kortleggja stofnstífg hjólreiða sem liggur núna úr 111 niður Höfðabakkann frá gatnamótum Vesturhóla þegar svæðið er unnið enda um að ræða mikilvæga stofnbrautartengingu hjólreiðafólks úr 111 inn á net Elliðaárdalsins og upp á Höfðabakka aftur. Þverun milli hverfa þarf að vera greiðfær, örugg og góð. Því þarf að liggja fyrir hvort stofnstígurinn liggji um upplifunarbrúnna á stoðum stíflunnar eða hvort ný samgöngubrú verði byggð. Samhliða að fjölgað verði háum bekkjum í þágu eldra fólks og drykkjarfontum. Vill ráðið að hugað verði að sérstakri áningu með tjörn við vatnsinntak pípunnar, Árbæjarmegin, þar sem hægt verður að staldra við, horfa á fuglalífið með aðgengi og fallegu borgarumhverfi. Ráðið vill líka minna á skýrslu og vinnu stýrihóps<sup>1</sup> sem skipaður var um framtíðarsýn Elliðaárdalsins en þar voru mikilvægar tillögur lagðar fram sem koma inná þá þætti sem deiliskipulagsbreytingin kemur inn á eins og aðgengi allra að dalnum, mótvægisáðgerðir í þágu lífríkis og grænar yfirborðslausnir í þágu árinna.

<sup>1</sup> [Skýrsla stýrihóps um Elliðaárdal](#)

